

Minnisblað vegna verkefna við Gömlu höfnina 2019

Hér að neðan er samantekt um stöðu verkefna í Gömlu höfninni m.t.t. til fjárhagsáætlunar ársins 2019. Nokkur tilfærsla er á ákveðnum verkefnum og mögulega geta ný verkefni þarfnast úrlausnar þegar líður á árið.


1. Austurbakki



Mynd 1. Loftmynd af Austurbakka

A. Spenni- og dreifistöð

Nú er spennistöð fyrir Austurbakka og Faxagarð í tímabundnum gámum á Austurbakka en ný spennistöð og dreifistöð á Faxagarði á að leysa þá stöð af hólmi. Deiliskipulagsbreyting fyrir spennistöðina, ásamt vaktskýli, hefur verið samþykkt og hægt að hefja hönnun á stöðinni. Byggingarnefndarteikningar þurfa að liggja fyrir í apríl og stefnt er að því að byggingarleyfi liggja fyrir um mitt ár og að framkvæmdir geti hafist með haustinu. Bygging hússins er samstarfsverkefni við Veitur.



Mynd 2. Spenni- og dreifistöð á deiliskipulagsupprætti

Gert er ráð fyrir 130 milljónum í veitu- og vaktskýli á Faxagarði í áætlun fyrir 2019 að svo stöddu er ekki ljóst hvort þeirri framkvæmd ljúki á árinu.

B. Austurbakki

Vísbendingar eru um að Reykjavíkurborg muni að flýta framkvæmdum á nýrri götu á Austurbakkanum sem á að liggja frá Geirsgötu að innkeyrslu í bílajakallara og að hóteli við Austurbakkann. Samhliða framkvæmdum Reykjavíkurborgar á bakkanum þarf að endurnýja og leggja ný veitukerfi að stöðinni á Faxagarði auk þess sem gera þarf ráð fyrir niðurfalalinu á bakkanum. Ekki liggja fyrir útfærðar teikningar vegna framkvæmda við götu á Austurbakka, en brýnt að Faxaflóahafnir fái þær teikningar til að mögulegt sé að skipuleggja og undirbúa þær framkvæmdir sem myndu tilheyra höfninni.



Mynd 3. Drög að hönnun götu á Austurbakka frá teiknistofunni Landslagi

Ekki var gert ráð fyrir þessum framkvæmdum í fjárhagsáætlun fyrir 2019.

C. Frágangur á bakka

Annar yfirborðsfrágangur, malbiksframkvæmdir, frágangur vegna niðurfalla, lýsing og þess háttar verður á árinu 2020. Gert verður ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun fyrir 2020.


2. Miðbakki



Mynd 4. Loftmynd af Miðbakka

A. Hjóla- og göngustígur

Reykjavíkurborg hefur látið vinna teikningar að hjóla- og göngustígum við Miðbakka frá Austurbakka meðfram Geirsgötu að Hafnarbúðum. Rýna þarf þær teikningar betur og skoða kostnaðarskiptingu milli Faxaflóahafna og Reykjavíkurborgar.



Mynd 5. Drög að hönnun göngu- og hjólastígs við Miðbakka

Lagt er til hönnun, undirbúningur og framkvæmd verði unnin í samráði við Reykjavíkurborg.

B. Bílastæði, „meanwhile“ verkefni

Á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar er 50 mkr. áætlaðar í tímabundið torgverkefni við Miðbakka. Það er ekki gert ráð fyrir fjármunum í það verkefni í fjárhagsáætlun Faxaflóahafna 2019.

C. Fylling við stálpil

Lagfæring á dýpi við viðlegu á Miðbakka. Kostnaður er um 8-10 mkr. Þarf að framkvæmast áður en móttaka skemmtiferðaskipa hefst.

Kostnaður vegna viðhaldsframkvæmdanna eru um 8-10 mkr.

3. Viti við Sæbraut

Kostnaður við Vita við Sæbraut var að mestu á árinu 2018 samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg. mkr. Vitin verður settur upp á næstunni, tengdur rafmagni og í framhaldi verður nauðsynleg breyting á sjókortum tilkynnt, en viti í Sjómannaskólanum tekinn úr sjókortum.



Mynd 6. Mynd af vitanum úr kynningargögnum frá Reykjavíkurborg

Við bætast um 3 mkr. vegna framkvæmda við uppsetningu á vitanum og frágangs.

4. Suðurbugt



Mynd 7. Loftmynd sem sýnir Suðurbugt

A. Nýr brimbriótur og landgangar

Framkvæmdir við dýpkun og nýjan öldubriót við Suðurbugt færðust að mestu yfir á árið 2019 m.a. vegna þess að leyfi fyrir viðhaldsdýpkun drógust.

Í framkvæmdunum felst að komið verður fyrir nýjum öldubriót, nýjum landgangi og aðgangspalli, ásamt dýpkun við Suðurbugt.

Fara þarf í jarðvinnu, koma fyrir undirstöðum og steiptum bita vegna landgangspalls við brimbriótinn. Smíða þarf landgangspall við öldubriótinn. Flytja þarf flotbryggjur í burtu á meðan á viðhaldsdýpkun stendur.

Áætlað er að verkið kosti 145 mkr. Ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir 2019.

B. Eldri brimbriótur fer í viðlegurými í Suðurbugt – að auki 2 landgangar

Ætlunin er að flytja flotbryggjur í Suðurbugt yfir í Vesturbugt, en nýta eldri öldubriót sem viðlegu í Suðurbugtinni. Settir verða nýir landgangar á þær bryggjur sem uppfylla kröfur um aðgengi.

C. Ægisgarður söluhús

Ákveðið var að fresta útboði vegna farþega- og þjónustuhúsa við Ægisgarð árið 2018 og bjóða þau þess í stað út í 2019. Í kjölfarið var hönnun breytt lítillega, bætt var við möguleika á auka húsi, bætt við möguleika á því að hafa fleiri en einn aðila í tveimur húsum auk þess sem bætt var við almenningsalerni á svæðinu.



Mynd 8. Söluhús við Ægisgarð, mynd fengin hjá Yrki arkitektum

Stefnt er að því að bjóða verkefnið út í byrjun mars og að tilboð verði opnuð lok mars 2019. Gert er ráð fyrir því að smíði húsanna geti hafist í apríl, og að þau verði tilbúin í nóvember, og að það verði hægt að flytja þau á Ægisgarð þegar jarðvinnu þar er lokið í byrjun næsta árs. Mikilvægt er að tryggja að svæðið verði tilbúið næsta vor.

Áætlað er að 40 mkr. bætist við á þessu ári vegna breytinga, 130 mkr. voru í áætlaðar í verkið árið 2019.

5. Vesturbugt



Loftmynd af Vesturbugt

Mynd 9.

A. Flotbryggja fer í Vesturbugt – nýr landgangur

Eldri bryggjum í Suðurbugt verður komið fyrir í Vesturbugt. Nýr landgangur verður settur upp. Mögulegt verður að færa smábátaútgærd sem nú er í Suðurbugt yfir í Vesturbugt. með aðstöðu við þessa flotbryggju.

B. Aðgerðir í tengslum við göngustíg vegna framkvæmda á íbúðarsvæði

Vegna framkvæmda við íbúðabyggð í Vesturbugt er hætt við að göngustígur, á landi Faxaflóahafna, sem liggur meðfram Slippnum þurfi lagfæringar við. Tryggja þarf að hann sé sýnilegur og vel merktur enda mikilvæg tenging niður á hafnarsvæðið við Vesturbugt.

Gera þarf ráð fyrir 1 mkr. í merkingar. Ekki er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir 2019.

C. Skipulagsvinna vegna deiliskipulags Vesturhafnar

Gera þarf ráð fyrir aðkeyptri vinnu vegna skipulagsmála á Vesturhöfn í tengslum við deiliskipulagsbreytingar sem kalla á endurskoðun á skipulagsskilmálum svæðisins.

Gera þarf ráð fyrir 3 mkr. í aðkeyptri vinnu vegna skipulagsmála.

6. Gönguleið við Fiskislóð:



Mynd 10. Loftmynd af Vesturhöfn og Fiskislóð

A. Merkingar og gangbraut eða gönguljós

Tryggja öryggi gangandi vegfarenda við Fiskislóð með upphækkaða göngubverun, jafnvel með gönguljósum, við Fiskislóð. Lagt til í tengslum við áætlaða aukningu gangandi vegfarenda vegna ferðatengdrar starfsemi sem er að byggjast upp við Fiskislóð. Það þarf líka að fara í lagfæringar á skiltun og yfirborðsmerkingum við gatnamót við Fiskislóð.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 20 mkr. vegna útbóta fyrir gangandi vegfarendur við Fiskislóð.

7. **Samantekt:**

Samtals er áætlað að 205 mkr. bætist við framkvæmdakostnað í Gömlu höfninni árið 2019. Samantekt er hér aðneðan:

Staður	Framkvæmd	Upphæð
Austurbakki	V. spenn- og dreifistöðvar	Verður 2020
Miðbakki	Viðhaldsaðgerðir við þil	10 mkr.
Viti við Sæbraut	Aðgerðir v. frágangs	3 mkr.
Suðurbugt	Brimbrjótur og söluhús	185 mkr.
Vesturbugt	Stígur og skipulag	4 mkr.
Fiskislóð	Gönguleið	Á áætlun

Fjárhagsáætlun ársins 2019 er skipt með eftirfarandi hætti á einstök hafnarsvæði og kaup á dráttarbáti, en miðað við ofangreindar breytingar í Gömlu höfninni er gerð tillaga að færslu fjármuna á milli hafnarsvæða:

Hafnarsvæði	Áætlun 2019	Áætlun - breyting
Gamla höfnin	310,0	515,0
Sundahöfn	965,0	965,0
Grundartangi	95,0	95,0
Akranes	470,0	265,0
Dráttarbátur	450,0	450,0
Tæki og áhöld	40,0	40,0
Alls	2.330,0	2.430,0

Breyting á framlagi til framkvæmda á Akranesi helgast af því að enn hefur ekki verið gengið frá breytingu á aðalskipulagi sem heimila endurnýjun og lengingu Aðalhafnargarðsins. Leitað verður tilboða í hönnun verkefnisins og fyrsti verkfangi er gerð efnisskiptaskurðar fyrir stálþilið sem ætti að ljúka á árinu. Útboð á stálþili gæti farið út á seinni hluta ársins og skilað sér í byrjun árs 2020, en þá gæti niðurrekstur þilsins hafist.

Að svo stöddu er sett fram óbreytt fjárhæð vegna kaupa á dráttarbáti, en það tilboð sem hefur verið staðfest er í samræmi við það sem áætlað er til verkefnisins á árinu 2019 og 2020.

Reykjavík 13. febrúar 2019

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi